

110

11. júní

AUGLÝSING

um breyting á framlagningarfresti skattaskrár og kærufresti
til skattstjóra í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 71 12. apríl 1945, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli skattskráin í Reykjavík liggja frammi á lögákveðnum stað 12. til 25. júní, að báðum dögum meðtöldum.

Enn fremur er ákveðið, að kærufrestur til skattstjóra skuli vera til 25. júní þ. á., að þeim degi meðtöldum.

Fjármálaráðuneytið, 11. júní 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

111

15. júní

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt til Ólafsfjarðarkaupstaðar.

1. Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð af öllum fasteignum innan lögsagnar-
umdæmis Ólafsfjarðarkaupstaðar eftir þeim reglum er hér fara á eftir:
2. a. Af byggingalóðum og óbyggðum 9.8 %
b. Af húseignum og öðrum mannvirkjum 4.9 —
c. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og
lendum 2.4 —
3. Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr.
69 31. des. 1937.
4. Skatt þennan skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum
úr hundruðum skal sleppt.
5. Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. sept. ár hvert og falla dráttarvextir á sam-
kvæmt lögum nr. 69 1937. Skatt þennan má taka lögtaki.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.